

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 15. janúar 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi.

Breytingin tekur til lóðanna Jóninnuhaga 1, Kjarnagötu 65 og Halldóruhaga 2a og felur í sér að bætt er við fjórum bílastæðum við Jóninnuhaga norðanverðan og stækka lóðahlutar fyrir bílastæði því um 48 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var hún grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 21. mars 2025,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2025